

Fundur 12.janúar.04

Endurrit fundargerðar stjórnar Barmahlíðar 12. janúar 2004

Ár 2004 þann 12.janúar kom stjórn Barmahlíðar saman til fundar á efri hæð Barmahlíðar. Einnig mættir hjúkrunarforstjóri og sveitarstjóri. Áður en fundur hófst gengu fundarmenn á vettvang og skoðuðu nýinnréttað rými á efri hæð. Fundurinn hófst síðan kl. 20:15

- 1) Farið var yfir fundargerð síðasta fundar.
- 2) Rætt um fjárhagsáætlun fyrir árið 2004. Árið 2003 var viðhaldskostnaður um kr. 6.000.000,- Rætt var um að gott væri að ráða annan hjúkrunarfræðing til viðbótar við núverandi hjúkrunarforstjóra. Ákveðið að leggja til hækkun á launalið um 5,0 milljónir frá því sem kostnaðurinn varð 2003. Reiknað með heildartekjum samtals kr. 61,0 milljón en heildarútgjöld kr. 61,5 milljónir.
- 3) Ferðaskýrslur Valgerðar Baldursdóttur hjúkrunarforstjóra um skoðunarferðir hennar og sveitarstjóra til Ísafjarðar og Dalasýslu (hjúkrunarheimili heimsótt). Samanburður á aðstöðu á Hlíf á Ísafirði og Silfurtúni og Fellsenda í Dalabyggð er Barmahlíð að mörgu leyti hagstæður.
- 4) Bréfaskrif Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytis og Reykhólahrepps des. 2002 til des. 2003. Ráðuneytið féllst á beiðni Reykhólahrepps og greiddi kr. 515.919,- vegna óvæntrar brottfarar vistmanns á árinu 2002.
- 5) Kynntar hugmyndir um minnismerki um Jón Thoroddsen fyrir framan Barmahlíð.
- 6) Önnur mál:
 - a) Valgerður ræddi um matarkaup. Eðlilegt talið að versla sem mest í heimabyggð og þá hjá þeim aðila sem býður betra verð.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 22:45

Gústaf Jökull Ólafsson.
Egill Sigurgeirsson
Björk Bárðardóttir
Valgerður Baldursdóttir
Einar Örn Thorlacius (ritar)